



SÝSLUMADUR RANGÁRVALLASÝSLU
AUSTURVEGI 4 - 860 HVOLSVELLI

Alþingi

Fríndi nr. B 117 14

13. október 1993

Kennitalagur 15 116 1993

Alþingi
c/o formaður alsherjarnefndar
við Austurvöll
150 Reykjavík

VARÐAR BOÐUÐ ÁFORM Í FJÁRLAGAFRUMVARPI 1994 UM SAMEININGU

EMBÆTTA SÝSLUMANNA Á HVOLSVELLI OG Í VÍK.

Leyfi mér að senda til kynningar greinagerð mína um þessi mál er lítur að óhjákvæmilegum kostnaði, verði samþykkt sú breyting er frumvarpið boðar. Nánari töluleg útfærsla er á 3 fylgiblöðum.

Rétt er að fram komi að kostnaður af sameiningu ofangreindra embætta er í engu samræmi við veruleikan, né sambærilegur við tölur hjá öðrum embættum sem taka eiga við nágrannaembættum. Með óbreyttum fjárframlögum gæti því yfirtakan ekki orðið í framkvæmd.

Fram skal og tekið að á fundinum í V-Skaftafellssýslu 8. þ.m., lýsti dómsmálaráðherra því yfir við sveitastjórnarmenn að löggæsla ætti að verða óbreytt þar og að fjárlagatölur væru mistök.

Allar tölur í greinagerð eru lánmarkstölur.

Að endingu vil ég áréttta, að ekki getur vakað fyrir Alþingi að gera þjónustu við einstaka byggðir svo ósanngjarnlega rýra, sem boðað er í fjárlagafrumvarpi ársins 1994 og varðar V-Skaftafellssýslu.



Virðingafyllst

Friðjón Guðröðarson



SÝSLUMAÐUR RANGÁRVALLASÝSLU

AUSTURVEGI 4 - 860 HVOLSVELLI

7. október 1993

GREINARGERÐ VEGNA ÁFORMAÐRAR SAMEININGAR

EMBÆTTA SÝSLUMANNA Á HVOLSVELLI OG Í VÍK.

Vísað er til fjárlagafrumvarps fyrir árið 1994, þar sem greind sameining er fyrirhuguð frá 1. mars 1994.

Hér verður einkum fjallað um tölulegar staðreyndir í fjárlagafrumvarpi 1994 samanborið við fjárlög þessa árs 1993, og hvernig eigi að þjóna og mæta þeirri aukningu í starfi og umfangi á nýju (breyttu) embætti.

Samkvæmt frumvarpinu 1994 er gert ráð fyrir, þó ekki fullljóst, einu stöðugildi til viðbótar því sem fyrir er á Hvolsvelli í yfirstjórn, í stað þeirra 3.5 stöðugilda sem fyrir eru í Vík.

Sú löggæsla sem verið hefur í Vestur-Skaftafellssýslu er alfarið lögð niður, þ.e. til hennar er engu fjármagni varið. Þar er nú um að ræða þessa starfsemi:

Fastráðinn ársmaður, lögregluvarðstjóri með aðsetri í Vík. Sumarmaður með aðsetri á Klaustri. Fjórir héraðslögreglumenn, 2 hvoru megin Sands.

Sýslumannsembættinu á Hvolsvelli er gert að taka við þeirri starfsemi er áður gegndu 3.5 starfsmáður á skrifstofu og 1.5 í löggæslu, með framlagi er nemur 1.2 m.

Til þess að leysa yfirtöku V-Skaft. og veita lágmarks þjónustu frá Hvolsvelli þar, þarf eftirfarandi til að koma:

A - Óbreytt ástand í löggæslu.

svo sem segir að vera eigi samkv. greinargerð í fjárlagafrumvarpi. Ekki er hægt að sinna svo viðunandi sé öryggislega og kostnaðarlega einnig, löggæslu í V-Skaft. frá Hvolsvelli, til þess eru vegalengdir of miklar.

Hvergi annarsstaðar á landinu á umdæmi að missa löggæslu þá er fyrir er, við sameiningu. Þetta verður að leiðrétta.

B - Þjónusta á skrifstofu.

Afgreiðsla þarf að vera í Vík með starfsmanni í hálfri stöðu. Sýslumaður og löglærður fulltrúi hans þurfa að koma einu sinni í viku til afgreiðslu erinda og vera með fasta viðtalstíma. Mánaðarlega þarf að fara á Klaustur.

Auk ferða þessara þarf og aðra hverja viku starfsmaður í umboði Almannatrygginga, að vera í för til að veita lágmarks þjónustu við íbúa V-Skaftafellssýslu.

C - Húsnæði.

Lögregluvarðstofa þarf að vera áfram í Vík, svo og skrifstofuhúsnæði fyrir ofangreinda þjónustu, auk þess sem Héraðsdómur Suðurlands þarf að hafa þar aðstöðu.



SÝSLUMAÐUR RANGÁRVALLASÝSLU

D - Rekstrargjöld

á skrifstofu Hvolsvelli (önnur en laun), miðað er við hlutfallslega aukningu vegna fjölgunar íbúa.

Kostnaður af ofangreindu verður þessi:

1.	Til löggæslu	kr. 6.500.000.-
2.	1 1/2 staða á skrifstofu	kr. 1.850.000.-
3.	Kostnaður af húsnæði leiga, rekstur og fastagjöld.	kr. 950.000.-
4.	Ferðakostnaður	kr. 710.000.-
5.	Rekstrargjöld á skrifstofu Hvolsvelli (önnur en laun)	<u>kr. 550.000.-</u>


Alls krónur 10.560.000.-

Þessi niðurstaða er á ársgrundvelli. Að 2 mánuðum frádrögnum nemur hún því kr. 8.800.000.- sem er raunhæf fjárlagatala 1994. Því myndi niðurstaða fjárlaga verða kr. 45.8 m. (í stað 37 m.)

Með bréfi þessu fylgja nánar útfærðar tölulegar upplýsingar á 3 blöðum.

Greinagerð þessi er send:

Dómsmálaráðherra,
Þingmönnum Suðurlands,
fulltrúum í allsherjarnefnd,
og fjárhagsnefnd Alþingis,
Sýslumannafélagi Íslands.



Til staðfestu

Hvolsvelli, d.u.s.

Friðjón Guðröðarson
Friðjón Guðröðarson



06-431 Sýslumaður Hvolsvelli

A

	fjárlög	fjárl- frumvarp	Mismunur
	1993	1994	
Yfirstjórn	17700	19100	1400
Löggæsla	17200	17600	400
Hreppsstjórar		1300	1300
-----	-----	-----	-----
gjöld samtals	34900	38000	3100
- sértekjur	-900	-1000	-100
-----	-----	-----	-----
gjöld - sértekjur	34000	37000	3000
=====	=====	=====	=====
laun	25800	28200	2400
önnur gjöld	9100	9800	700
-----	-----	-----	-----
	34900	38000	3100
=====	=====	=====	=====


06-431 Sýslumaður Hvolsvelli

B

	ca.verðbæt	fjárlög	fjárl- frumvarp	Mismunur
	1993	1993	1994	
Yfirstjórn		17700	19100	1400
Löggæsla	600	17200	17600	-200
Hreppsstjórar				0
-----	-----	-----	-----	-----
gjöld samtals		35500	36700	1200
- sértekjur		-900	-1000	-100
-----	-----	-----	-----	-----
gjöld - sértekjur		34600	35700	1100
=====	-----	=====	=====	=====
laun		26400	26900	500
önnur gjöld		9100	9800	700
-----	-----	-----	-----	-----
		35500	36700	1200
=====	-----	=====	=====	=====

yfirlit A sýnir fjárlög 1993 og fjárlagafrumvarp f. 1994

á yfirliti B eru teknar með launabætur löggæslu ca. 600 þús v/1993
 á yfirliti B eru hreppsstjórar dregnir frá (fjárl.frv 1994)
 þar sem ekkert var á fjárlögum til þeirra vegna 1993



7.10.93

Fjórðug g.a. VV/launabóta

Fjórðug g.a. VV/launabóta

06-431 Sýslumaður Hvalsveili

	1993	1994	Hismunur
Yfirstjórn	17700	19100	1400
Löggæsla	17200	17600	400
Hreppsstjórar		1300	1300

gjöld samtals	34900	38000	3100
- sértekjur	-900	-1000	-100

gjöld - sértekjur	34000	37000	3000
=====			
laun	25800	28200	2400
önnur gjöld	9100	9800	700

	34900	38000	3100
=====			

06-430 Sýslumaður Vík

	1993	1994	Mismunur
Yfirstjórn	12700	5200	-7500
Löggæsla	6500	900	-5600
Hreppsstjórar		200	200

sértekjur	19200	6300	-12900
	-400	-100	300

	18800	6200	-12600
=====			
laun	14000	5100	-8900
önnur gjöld	5200	1200	-4000

	19200	6300	-12900
=====			

bæði embættin saman

			Mismunur
Yfirstjórn	30400	24300	-6100
Löggæsla	23700	18500	-5200
Hreppsstjórar		1500	1500

gjöld samtals	54100	44300	-9800
- sértekjur	-1300	-1100	200

gjöld - sértekjur	52800	43200	-9600
=====			
laun	39800	33300	-6500
önnur gjöld	14300	11000	-3300

	54100	44300	-9800
=====			



7/10'93

Arskostnaður:

1 starfsmaður til Víkur vikulæga

dagpeningar	52 ferðir	176800
akstur	-	279279

1 starfsmaður T.R. til Víkur hálfsmán.lega

dagpeningar	26 ferðir	88400
-------------	-----------	-------

1 starfsmaður til Kirkjubæjarklausturs mánaðarlega (sérferð)

dagpeningar	12 ferðir	40800
akstur	-	124992

710271